



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**39. fundur eigendafundar Sorpu bs.  
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. október 2022  
og hófst hann kl. 11:15.**

**Fundinn sátu:**

Aldís Stefánsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006**

Framhald umræðu 38. fundar. Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun Sorpu bs. vegna ársins 2023 og rekstraráætlun vegna 2023-2027. Fyrir liggur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Sorpu bs. voru samþykktar á fundi stjórnar Sorpu bs. hinn 29. september 2022, sbr. fyrirliggjandi fundargerð. Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir, fjármálastjóri Sorpu bs., kynnir. Umræður.

**Gestir**

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir

**Niðurstaða:**

*Eigendavettvangur samþykkir fjárhagsáætlun Sorpu bs. fyrir sitt leyti, og að fjárhagsáætlunin verði kynnt sveitarfélögunum af hálfu Sorpu bs. Fjárhagsáætlun endurvinnslustöðva mun koma til sérstakrar meðferðar og kynningar síðar í haust.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026